

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 15. maí 2024
UST202405-095/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 - Galtalækjarskógur og Merkihvoll

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 10. maí sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2028 vegna Galtalækjarskógar og Merkihvoll.

Í greinargerð kemur fram afþreyingarsvæðið AF5 verður felld út og skilgreind verður ný frístundabyggð á svipuðum stað og AF5 var. Auk þess segir að frístundasvæðið F43 og opna svæðið OP1 munu stækka og verslunarsvæðið VP7 mun minnka og breyta um lögun.

Einnig kemur fram að í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 50 frístundahúsum á bæði F43 og fyrirhugaðrar nýrrar frístundabyggðar á svæðinu. Innan VP7 verður gert ráð fyrir nýju 1.500 m² gistihúsi auk allt að 50 lítilla gestahúsa til útleigu. Við Lönguhlíð, núverandi gistiheimilis verður tjaldsvæði fyrir ferðamenn og aðra gesti Galtalækjarskógar. Einnig verður sameiginlegt leik- og útisvæði fyrir alla uppbyggingu sem gert er ráð fyrir.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.¹

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.²³

¹ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolebreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

² <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

³ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolebreytileika-hrakar-i-Nord austur-Atlantshafi/>

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Því þarf að meta í umhverfismati hver áhrif tillögunnar er á vatn.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri